

Akureyri 2. nóvember 2023.

Efni: Umsögn framkvæmdastjórnar Heilbrigðisstofnunar Norðurlands um tillögu til þingsályktunar um fasta starfstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri, þingskjal 334 - 327. mál.

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Norðurlands fagnar þingsályktunartillögu um að föst starfstöð fyrir þyrlu Landhelgisgæslunnar verði staðsett á Akureyri og tekur heilshugar undir tillögu flutningsmanna.

Það fyrirkomulag mun bæta þjónustu og öryggi við íbúa og ferðamenn á norðan- og austanverðu landinu öllu sem og á hafsvæðum. Með fastri starfstöð þyrlu á Akureyri munu innviðir neyðar- og viðbragðsþjónustu eflast og viðbragðstími verða styttri, sem skipt getur sköpum.

Okkur finnst tillagan skynsamleg í ljósi áhættudreifingar þegar horft er til fjarlægða, veðuraðstæðna og ófyrirsjáanlegra ytri þátta.

Framkvæmdastjórn HSN vonast til þess að tillagan verði samþykkt á Alþingi.

Virðingarfyllt, framkvæmdastjórn HSN